

1. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019
haldinn í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 18. janúar kl. 9:30

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir – formaður
Steinunn Þóra Árnadóttir – Vinstrihreyfingin – grænt framboð
Vilhjálmur Árnason – Sjálfstæðisflokkur
Ragnar Schram – SOS Barnaþorp
Tumi Tómasson – Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna
Bjarni Gíslason – Hjálparstarf kirkjunnar
Maríanna Traustadóttir – Alþýðusamband Íslands
Ólafur Garðar Halldórsson – Samtök atvinnulífsins
Geir Gunnlaugsson – Háskóli Íslands
Atli Viðar Thorstensen – Rauði Krossinn á Íslandi
Erna Reynisdóttir – Barnaheill

Fundinn sátu að auki fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Ólafur Sigurðsson (deildarstjóri), Erla Hlín Hjálmarsdóttir (sérfræðingur) og Stefán Jón Hafstein (fastafulltrúi).

Birgir Þórarinsson (Miðflokkur), Helgi Hrafn Gunnarsson (Píratar), Logi Einarsson (Samfylking), Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólinn á Bifröst), Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokkur) tilkynntu forföll. Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) og Inga Sæland (Flokki fólksins) voru fjarverandi.

Steinunn Þóra og Vilhjálmur véku af fundi 10:50 og Geir Gunnlaugsson vék af fundi 10:53.

Nefndarritari:

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

17. fundur þróunarsamvinnunefndar

1. Fundur settur

Formaður bauð þróunarsamvinnunefnd velkomna á fyrsta fund nefndarinnar á árinu 2019 og jafnframt sautjándanda fund nefndar. Fundargerð síðasta fundar (29. nóvember) og dagskrá fundar var samþykkt.

2. Umræður um álit nefndar á jafningjarýni DAC

Í máli nefndarfulltrúa, sem vann yfirlit um jafningjarýni DAC og punkta sem nefnd gæti haft til hliðsjónar um skýrsluna, kom fram ánægja með fyrirbyggjandi drög, þau væri stutt og skýr en mikilvægast væri að nefndin myndi sér skoðun á því sem þarna stendur. Það þarf ekki að ríkja samkomulag um álit nefndar, ef þannig ber undir, en skoðun nefndar á jafningjarýniskýrslu DAC er mikilvæg. Öðrum nefndarfulltrúa lék forvitni á að vita af hverju tveir punktar úr yfirliti fyrrnefnds nefndarfulltrúa hefðu fallið niður; annars vegar punktur um að skoða frekar samþættingu núverandi áherslna í þróunarsamvinnu (félagsleg verkefni, heilbrigðismál og menntun) við yfirlýst markmið í þróunarsamvinnu. Þessi punktur var 3. liður í yfirliti fyrrnefnds nefndarfulltrúa. Hins vegar punktur um hlutverk þróunarsamvinnunefndar. Það síðarnefnda væri mikilvægt að undirstrika í áliti nefndar þar sem ræða mætti frekar hvort nógu mikið mark væri tekið á skoðunum nefndar. Formaður benti á að nefnd hefði skilað inn áliti á þróunarsamvinnustefnu stjórnvalda, sumir hlutir sem þar voru inni eru ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda. Nefndarfulltrúa fannst ágætlega dregnir fram þeir punktar sem endurspeglu skoðanir og áhyggjur nefndar. Starf í nefnd almennt verið gott en enn brennur við að upplýsingagjöf til nefndar sé ábótavant um mál sem eru í brennidepli hverju sinni. Upplýsingafundur

fyrir áramót um framlög innanlands vegna móttöku flóttafólks kom fulltrúum í nefnd á óvart og nefnd hefði mátt ræða það strax í kjölfarið og álykta um það sbr. hátt hlutfall þess kostnaðar af heild til þróunarsamvinnu.

Formaður ákvað að verða við beiðni nefndarfulltrúa um að bæta þessum tveimur punktum inn í álit sem spurt var um.

Ákveðið var að nefnd fengi uppfært álit formanns sent fyrir næsta fund og voru nefndarfulltrúar beðnir um að leggja yfir álit til lokaákvörðunar.

3. Kynning á starfi fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands

Deildarstjóri fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu á ÞSS, Ólafur Sigurðsson, og sérfræðingur, Erla Hlín Hjálmarsdóttir, mættu á fund nefndar til að kynna starf ÞSS á þessu sviði. Sú nýbreytni var gerð á fundum nefndar að hafa útsendan fulltrúa í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu á fundi í gegnum síma, sem var Stefán Jón Hafstein sem starfar við fastanefnd Íslands gagnvart stofnunum SP í Róm, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD). Kynning ÞSS í heild sinni mun verða aðgengileg nefnd.

Fyrirspurn um Norræna þróunarsjóðinn. Ísland á sæti í stjórn sjóðsins sem hefur afmarkað sig við styrki í umhverfis- og loftslagsmálum. Yfirstandandi er úttekt á starfi sjóðsins og búist við því að niðurstöðurnar hafi áhrif á framtíð hans en núverandi fyrirkomulag skarast töluvert við aðra sjóði á sviði loftslagsmála og mun hann þurfa aukið fjármagn haldi hann áfram. Nokkrar Norðurlandþjóðir hafa haft uppi efasemdaraddir um fyrirkomulagið og vilja sumir leita hagræðingar og fella sjóðinn inn í Norræna fjárfestingabankann. Nefndarfulltrúi sem bar upp fyrirspurn sagði þetta mikið vera rætt innan Norðurlandaráðs. ÞSS sagði að tímabært væri, hvað sem af verður, að skipa nýjan stjórnarfulltrúa Íslands á næstunni og UTN fylgist grannt með niðurstöðum úttektar og mun hafa innlegg um framtíðarfyrirkomulag sjóðsins. Eins og staðan er í dag henta áherslur NDF Íslandi vel en UTN hefur átt í mjög góðu samstarfi við sjóðinn og Alþjóðabankann um jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku til margra ára.

Nefndarfulltrúi velti upp spurningu um 4. iðnbyltinguna. Ef stúlka á Íslandi, flóttamaður frá Sómalíu, nær til stúlkna í sveitum Sómalíu í gegnum samfélagsmiðla eingöngu samanborið við stór og þung þróunarsamvinnuverkefni, erum við ef til vill að hugsa þetta allt vitlaust. *Mögulega er hægt að nýta tæknina betur í þróunarsamvinnu?* ÞSS benti á að á ársfundi Alþjóðabankans í október sl. hefði áherslan verið á að meta hvernig fólk geti tileinkað sér tækni og þá sérstaklega nýja tækni sem getur leitt til ný- og verðmætasköpunar og hversu mikilvægt væri að hlúa að mannauð ríkja þ.m.t. menntun og heilsu til að það geti nýtt sér tæknina til að búa til betra líf. Einn nefndarfulltrúi benti á að í dag getur maður fundið ljósleiðara í mjög fátæku umhverfi en þrátt fyrir tækniframfarir er samt enn þörf fyrir grunnþjónustu, því megi ekki gleyma. En það má hugsa það frekar hvernig við gerum mest gagn sem lítið gjafaríki. Ísland virðist vera á svo mörgum stöðum með lítið fjármagn. Sérfræðingar ÞSS svörðu því að UTN hafi verið á þeirri stefnu í töluverðan tíma að beina sjónum að færri og stærri verkefnum. Það verður alltaf að hafa eftirlit með fjármagni og tryggja árangur.

Nefndarfulltrúi spurði hvort það væri stefna stjórnvalda með aukningu á framlagi að það fari einungis til fjölþjóðlegrar samvinnu? Hvernig munu framlög og áhrif Íslands í fjölþjóðlegu samstarfi verða metið? Ætlast sé til þess að tvíhliða þróunarverkefni og starf félagasamtaka sýni fram á áhrif og frammistöðu reglulega en ekki slíkur rammur til fyrir framlög til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu? Til dæmis ekki ljóst hvernig Innviðafjárfestingabanki Asíu fellur inn í stefnu Íslands í þróunarsamvinnu, hvernig er hann hluti af þróunarsamvinnu Íslands? ÞSS sagði framlög vera að aukast á milli ára. Hækkunin er rúmur milljarður til UTN. Mesta aukningin hefur verið varið í samstarfsjóðs atvinnulífisins en jafnframt hefur verið aukið við framlög í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, við mannúðaraðstoð og aukið framlag vegna formennsku Íslands innan Alþjóðabankans. Rétt hjá nefndarfulltrúa að úttekt hefur ekki verið gerð á okkar fjölþjóðlega starfi. Hins vegar skoðar Ísland MOPAN- matsskýrslur á SP stofnunum og tekur mið af þeim hvað varðar skilvirkni stofnanna sem stutt er við, enda sé óraunhæft að Ísland standi að úttektum á alþjóðastofnunum sem krefjast mikils bolmagns.

Af hverju fara framlög frekar í kjarnaframlög? ÞSS sagði það vera til þess að stofnanir hafi svigrúm til að bregðast við breyttum aðstæðum, ef þannig ber undir, og geta einnig ráðstafað fjármagni sjálf eftir eign stefnu og áætlunum. Því má ekki gleyma að þegar um eyrnamerkt framlög ræðir, þá þurfa gjafaríki

að farið í eftirlitsferðir, sem kostaðar eru af framlagi. Kostir og gallar við báðar leiðir. Það hefur oft verið vinsælla hjá gjafaríkjum að eyrnamerkja framlög. Margir telja kjarnaframlög það eina rétta til þess að stofnanir geti sjálfstætt ráðstafað fjármagni þar sem þess er þörf og áætlanir hafi verið gerðar um. Nefndarfulltrúi benti á að oft eru eyrnamerkt verkefni metin, gerð úttekt á þeim, sem er erfiðara með kjarnaframlög og þessi sjónarmið togast á. ÞSS benti á að UN Women og Barnahjálpi SP (UNICEF), sem báðar fá hæstu framlögin í formi kjarnaframlaga, gefa Íslandi nákvæmar skýrslur yfir það hvernig þau ráðstafa fénu.

Stafar þessi þróun, aukin framlög sem kjarnaframlög til stofnana, af því að umsýslukostnaður stofnanna er að hækka eða eru gjafaríki að draga út aðstoð? ÞSS sagði að í raun fari kjarnaframlög minnkandi, þróunin er sú að mörg stærri ríki utan Vesturlanda, svokallaður ný gjafaríki, eru frekar að eyrnamerkja framlög. Sterkar pólitískar ástæður fyrir því t.d. fyrir Indland og Kína. En DAC spyrnir við þessari þróun ásamt vestrænum gjafaríkjum.

Hvernig er hlutfall framlaga sem nær á vettvang miðað við umsýslukostnað í höfuðstöðvum og hverjir eru það svo sem framkvæma á vettvangi fyrir t.d. SP? ÞSS er meðvitað um að með litla stjórnsýslu verður að sníða sér stakk eftir vexti. Til að mynda eru eftirlitsferðir, sem fara þarf í til að fylgja eftir fjármagni við eyrnamerkt verkefni, tímafrekar og kostnaðarsamar. SP hefur gefið út að í nánustu framtíð verði hærri umsýslukostnaður fyrir eyrnamerkt verkefni en hefur verið, þ.e. að hærra hlutfall af framlögum til eyrnamerktra verkefna muni verða haldið eftir í höfuðstöðvum stofnana SP.

4. Önnur mál

a. Drög að starfsáætlun þróunarsamvinnunefndar fyrir árið 2019.

Þar sem nefnd vildi að tímasetningar fundu yrðu festar með góðum fyrirvara á árinu 2019, unnu formaður og ÞSS drög að dagsetningum og yfirlit yfir helstu dagskrárliði nefndarfunda fyrir vetur og vor 2019. Drögum var dreift á fundi en þau verða einnig send þróunarsamvinnunefnd.

b. Tímasetningar á föstudögum kl. 9:30 til 11:00 henta illa skrifstofustjóra UTN/ÞSS.

Ákveðið var að miða við að halda fundi oftast frá kl. 11:00-12:30 á föstudögum, með hádegisverði, ef það hentar mötuneyti UTN.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið 11:02